

REGLUR

um breytingu á reglum um inntökuskilyrði í grunnnám við Háskóla Íslands, nr. 331/2022.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. reglnanna:

a. Á eftir 1. mgr. bætist við ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Ef nemandi sem lokið hefur prófi frá erlendum skóla, hyggst stunda grunnnám sem kennt er á íslensku, skal hann jafnframt hafa staðist sérstakt inntökupróf í íslensku skv. 1. gr.

b. Núverandi 2. mgr. verður 3. mgr.

2. gr.

Í lok 5. gr. reglnanna bætist við ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi: Ef nemandi sem lokið hefur prófi frá erlendum skóla, hyggst stunda grunnnám sem kennt er á íslensku, skal hann jafnframt hafa staðist sérstakt inntökupróf í íslensku skv. 1. gr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. reglnanna:

a. Á eftir 1. mgr. bætist við ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Ef nemandi sem lokið hefur prófi frá erlendum skóla, hyggst stunda grunnnám sem kennt er á íslensku, skal hann jafnframt hafa staðist sérstakt inntökupróf í íslensku skv. 1. gr.

b. Núverandi 2. mgr. verður 3. mgr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. reglnanna:

a. Á eftir 1. mgr. bætist við ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Ef nemandi sem lokið hefur prófi frá erlendum skóla, hyggst stunda grunnnám sem kennt er á íslensku, skal hann jafnframt hafa staðist sérstakt inntökupróf í íslensku skv. 1. gr.

b. Núverandi 2. mgr. verður 3. mgr.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. reglnanna:

a. Á eftir 2. mgr. bætist við ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:

Ef nemandi sem lokið hefur prófi frá erlendum skóla, hyggst stunda grunnnám sem kennt er á íslensku, skal hann jafnframt hafa staðist sérstakt inntökupróf í íslensku skv. 1. gr.

b. Núverandi 3. mgr. verður 4. mgr.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. reglnanna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Til að hefja B.Ed.-nám í deild faggreinakennslu skal nemandi hafa lokið stúdentsprófi frá íslenskum framhaldsskóla með að lágmarki 20 framhaldsskólaeiningum í íslensku og þar af 10 framhaldsskólaeiningum á 3. hæfniprepi eða sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Lokapróf frá Háskólabró Keilis, Háskólagrunni Háskólans í Reykjavík eða Háskólagátt Háskólans á Bifröst teljast sambærileg stúdentsprófi ef sótt er um nám við deildina, enda hafi umsækjandi lokið að lágmarki 20 framhaldsskólaeiningum í íslensku og þar af 10 framhaldsskólaeiningum á 3. hæfniprepi. Ef nemandi sem lokið hefur prófi frá erlendum skóla, hyggst stunda grunnnám sem kennt er á íslensku við deild faggreinakennslu, skal hann jafnframt hafa staðist sérstakt inntökupróf í íslensku skv. 1. gr.

b. 3. mgr. orðast svo:

Til að hefja diplómanám í kennslufræði fyrir starfsmenntakennara á bakkalárstigi í deild faggreinakennslu skal nemandi hafa lokið meistaráttindum í iðngrein eða löggiltu starfsréttindaprófi úr framhaldsskóla. Gerð er krafa um tveggja ára starfsreynslu í fagi hjá þeim sem tilheyra ekki löggiltum iðngreinum. Ef nemandi sem lokið hefur prófi frá erlendum skóla, hyggst stunda diplómanám fyrir starfsmenntakennara, skal hann jafnframt hafa staðist sérstakt inntökupróf í íslensku skv. 1. gr.

c. 4. mgr. fellur brott.

d. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, 4. mgr., sem orðast svo:

Til að hefja diplómanám í skapandi sjálfbærni á Hallormsstað á bakkalárstigi í deild faggreinakennslu skal nemandi hafa lokið stúdentsprófi frá íslenskum framhaldsskóla eða sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Lokapróf frá Háskólabró Keilis, Háskólagrunni Háskólans í Reykjavík eða Háskólagátt Háskólans á Bifröst teljast sambærileg stúdentsprófi og nægja til inntöku í diplómanám í skapandi sjálfbærni á Hallormsstað.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. reglnanna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Til að hefja B.Ed.-nám í heilsuefningu og heimilisfræði eða BS-nám í íþrótt- og heilsufræði skal nemandi hafa lokið stúdentsprófi frá íslenskum framhaldsskóla með að lágmarki 20 framhaldsskólaeiningum í íslensku og þar af 10 framhaldsskólaeiningum á 3. hæfniprepi eða sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Lokapróf frá Háskólabró Keilis, Háskólagrunni Háskólans í Reykjavík eða Háskólagátt Háskólans á Bifröst teljast sambærileg stúdentsprófi ef sótt er um nám við deildina enda hafi umsækjandi lokið að lágmarki 20 framhaldsskólaeiningum í íslensku og þar af 10 framhaldsskólaeiningum á 3. hæfniprepi. Ef nemandi sem lokið hefur prófi frá erlendum skóla, hyggst stunda grunnnám sem kennt er á íslensku, við deild heilsuefningar, íþrótt og tómstunda, skal hann jafnframt hafa staðist sérstakt inntökupróf í íslensku skv. 1. gr.

b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, 2. mgr., sem orðast svo:

Til að hefja BA-nám í tómstunda- og félagsmálafræði skal nemandi hafa lokið stúdentsprófi frá íslenskum framhaldsskóla eða sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Ef nemandi sem lokið hefur prófi frá erlendum skóla, hyggst stunda grunnnám sem kennt er á íslensku, við deild heilsuefningar, íþrótt og tómstunda, skal hann jafnframt hafa staðist sérstakt inntökupróf í íslensku skv. 1. gr. Lokapróf frá Háskólabró Keilis, Háskólagrunni Háskólans í Reykjavík eða Háskólagátt Háskólans á Bifröst teljast sambærileg stúdentsprófi.

c. Núverandi 2. mgr. verður 3. mgr., 3. mgr. verður 4. mgr. og 4. mgr. verður 5. mgr.

8. gr.

1. mgr. 21. gr. reglnanna orðast svo:

Til að hefja B.Ed.-nám í deild kennslu- og menntunarfræði skal nemandi hafa lokið stúdentsprófi frá íslenskum framhaldsskóla með að lágmarki 20 framhaldsskólaeiningum í íslensku og þar af 10 framhaldsskólaeiningum á 3. hæfniprepi eða sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Lokapróf frá Háskólabrú Keilis, Háskólagrunni Háskólans í Reykjavík eða Háskólagátt Háskólans á Bifröst teljast sambærileg stúdentsprófi ef sótt er um nám við deildina, enda hafi umsækjandi lokið að lágmarki 20 framhaldsskólaeiningum í íslensku og þar af 10 framhaldsskólaeiningum á 3. hæfniprepi. Ef nemandi sem lokið hefur prófi frá erlendum skóla, hyggst stunda grunnnám sem kennt er á íslensku við deild kennslu- og menntunarfræði, skal hann jafnframt hafa staðist sérstakt inntökupróf í íslensku skv. 1. gr.

9. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 22. gr. reglnanna kemur nýr málslíður svohljóðandi: Ef nemandi sem lokið hefur prófi frá erlendum skóla, hyggst stunda grunnnám sem kennt er á íslensku við deild menntunar- og margbreytileika, skal hann jafnframt hafa staðist sérstakt inntökupróf í íslensku skv. 1. gr.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. reglnanna:

a. Málsgreinar 3 og 4 falla brott.

b. Á eftir 2. mgr. bætist við ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:

Æskilegur undirbúningur fyrir nám í lífefna- og sameindalíffræði: Æskilegt er að nemendur hafi lokið stúdentsprófi af náttúrufræðibraut. Óháð því er mælt með góðum undirbúningi í raungreinum eða 30 einingum í stærðfræði og 50 einingum í náttúrufræðigreinum, þar af minnst 10 einingum í eðlisfræði, 10 einingum í efnafræði og 10 einingum í líffræðigreinum.

c. Núverandi 5. mgr. verður 4. mgr.

11. gr.

Reglur þessar eru settar af háskólaráði Háskóla Íslands með heimild í 18. gr. laga um opinbera háskóla, nr. 85/2008, sbr. 47. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands, nr. 569/2009, og öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 5. desember 2025.

Silja Bára R. Ómarsdóttir.

Magnús Jökull Sigurjónsson.